



Knattspyrnufélagið Haukar

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austustræti 8-10

150 Reykjavík.

Hafnarfirði, 20. febrúar 2019

Ágætu nefndarmenn efnahags- og viðskiptanefndar,

Frumvarp um endurgreiðslu á hluta kostnaðar vegna íþróttamannvirkja.

Knattspyrnufélaginu Haukum hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Öflugur stuðningur við uppbyggingu íþróttamannvirkja er ómetanlegur og sagan sýnir að með betri mannvirkjum og aukinni fræðslu þjálfara næst mikill árangur á skömmum tíma. Reynslan sýnir einnig að árangurinn er jafn mikilvægur í smærri sem stærri samfélögum. Það er því öflug byggðastefna að bæta aðstöðu íþróttahreyfingarinnar alls staðar á landinu.

Knattspyrnufélagið Haukar skorar á efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að veita frumvarpinu brautargengi á Alþingi, íþróttahreyfingunni í landinu til heilla.

Hafnarfirði 20. febrúar 2019

f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka

Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri